

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 140/2114**  
**komudagur 7.5.2012**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 7. maí 2012  
RH/SLB/021/2012

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum (rýmkun heimilda, aukið eftirlit, hækkun sekta o.fl.). 731. mál.**

Vísað er til tölvubréfs dags. 30. apríl 2012 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar um ofangreint lagafrumvarp.

Tryggingastofnun telur ástæðu til að vekja athygli á að í 5. gr. frumvarpsins. Þar er breyting á 13. gr. f í lögnum, c lið, bætist við ný málsgrein svohljóðandi:


Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. skal einstaklingum sem teljast til innlendra aðila heimilt að kaupa og flytja inn eitt farartæki erlendis frá á almanaksári fyrir allt að jafnvirði 10.000.000 kr. enda sé farartækið ætlað til eigin nota innan lands. Gjaldreyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á grundvelli þessa ákvæðis eru háðar því skilyrði að tilkynning um kaupin hafi hlotið staðfestingu Seðlabankans. Seðlabankinn setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Tryggingastofnun sér m.a. um að greiða uppbætur og styrki til bifreiðakaupa skv. 10. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 99/2007 og reglugerð 170/2007, um styrki og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða. Uppbótin/styrkurinn er greiddur bótapega þegar kaupin hafa farið fram. Um dýrar sérútbúnar bifreiðar getur verið að ræða, sérstaklega þegar kemur að þeim hópi sem fær bifreiðastyrk skv. 5. gr. áðurnefndar reglugerðar nr. 170/2009.

Kaupin á bifreiðunum eru í höndum bótapegans sem hefur þá skv. umræddu ákvæði frekari möguleika á að kaupa bifreiðar erlendis frá.

Tryggingastofnun telur því að líta megi svo á að ofangreind breyting auðveldi þessum hópi kaup á sérútbúnum bifreiðum og er það fagnaðarefni.

Virðingarfyllt,

  
Sigríður Lilly Baldursdóttir  
forstjóri